



Skýrsla Fjármála- og áhættustýringarsviðs

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2023

Lagt fram í borgarráði
2. maí 2024

Borgarráð

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2023 samanstendur af samanteknum reikningi A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Jafnlaunastofa sf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., SORPA bs., Strætó bs og Þjóðarleikvangur ehf. auk Aflvaka hf. Enginn reglubundinn rekstur er hjá Aflvaka hf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að hluta fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlög Reykjavíkurborgar gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar, SORPU og Þjóðarleikvangs koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samantekins ársreiknings Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var neikvæð um 3.385 m.kr. en áætlað var að reksturinn yrði jákvæður um 9.579 m.kr. sem var 12.964 m.kr. lakari niðurstaða en áætlað var. Afkoma samantekins ársreiknings A- og B-hluta var 9.407 m.kr. lægri árið 2023 heldur en hún var árið 2022.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 4.969 m.kr. en áætlað var að hún yrði neikvæð um 4.534 m.kr. Niðurstaðan var því 436 m.kr. lakari en áætlað var. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 826 m.kr. en áætlað var að niðurstaða yrði neikvæð um 728 m.kr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 98 m.kr. lakari en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 8.041 m.kr. í fjárhagsáætlun var áætlað að niðurstaðan yrði neikvæð um 12.407 m.kr. og var niðurstaðan því um 4.365 m.kr. betri en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 3.072 m.kr. við gerð fjárhagsáætlunar var áætlað að niðurstaðan yrði jákvæð um 7.873 m.kr. og niðurstaðan því 4.801 m.kr. lakari en áætlað var.

Reikningsskil byggðasamlaga og sameignarfélaga í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar eru færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2023 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum með áherslu á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki.


Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efnisyfirlit

1.	Samantekinn reikningur A- og B-hluta	3
1.1.	Rekstur A- og B-hluta.....	3
1.2.	Efnahagur A- og B-hluta	6
1.3.	Sjóðstreymi A og B-hluta	7
1.4.	Fjármálareglur sveitarfélaga.....	8
2.	A-hluti.....	14
2.1.	Rekstur A-hluta.....	14
2.2.	Efnahagur A-hluta.....	18
2.3.	Sjóðstreymi A-hluta.....	20
2.4.	Fjármagnsliður A-hluta	23
2.4.1.	Skulda- og áhættustýring.....	25
2.4.2.	Aðgerðir fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta.....	25
2.5.	Skattspor A-hluta.....	27
	Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur	28
	Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og A-og B-hluta	32
	Viðauki 3: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið.....	33
	Viðauki 4: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum.....	34
	Viðauki 5: Lífeyrisskuldbindingar við LsRb og Brú lífeyrissjóð	35

1. Samantekinn reikningur A- og B-hluta



1.1. Rekstur A- og B-hluta



Rekstrarniðurstaða samantekins reiknings A- og B-hluta var neikvæð um 3,4 ma.kr. sem var 13 ma.kr. lakari niðurstaða en áætlað var. Þar vegur þyngst mikil verðbólga og hátt vaxtastig á árinu en vaxtagjöld og verðbætur voru 7,9 ma.kr. yfir fjárheimildum hjá A- og B-hluta. Gengismunur hjá OR þróaðist með öðrum hætti en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og hann endaði með 138 m.kr. gjaldfærslu en áætlun gerði ráð fyrir 2,6 ma.kr. tekjufærslu. Hægst hefur á hækkun fasteignaverðs og matsbreyting fjárfestingaeigna Félagsbústaða var 2,8 ma.kr. undir áætlun. Lífeyrisskuldbindingar við Brú lífeyrissjóðs vegna hóps sem annað hvort hafði hafið töku lífeyris eða hafði náð 60 ára aldri árið 2017 og launagreiðendur eru að hluta til í bakábyrgð fyrir nam 2,4 ma.kr. sem ekki var áætlað fyrir¹.


Grunnrekstur A- og B-hluta, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 47,6 ma.kr. í afgang sem var um 760 m.kr. undir áætlun en var 10,2 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2022.

Tekjur ársins voru 6,8 ma.kr. yfir áætlun eða 2,8% en tekjurnar voru 29,4 ma.kr. eða 13,2% hærrí en á árinu 2022. **Rekstrargjöld** án afskrifta voru 7,6 ma.kr. yfir fjárheimildum eða 3,9% en rekstrargjöldin jukust um 19,2 ma.kr. eða 10,4% milli ára.




¹ Nánari umfjöllun er að finna í viðauka 5 um lífeyrisskuldbindingar.

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta árið 2023 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)




Skatttekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði voru 6 ma.kr. yfir áætlun, þar af var staðgreiðsla útsvars 5,8 ma.kr. hærrí en áætlað var eða 5,1%. Hækkun útsvars má rekja til meiri spennu á vinnumarkaði og vegna launaþróunar. Fjöldi starfandi í Reykjavík hefur verið að fjölga undanfarið og er að jafnaði um 4,3% hærrí en árið 2022. Launavísitalan hækkaði um 9,8% á árinu en forsendur áætlunar gerðu ráð fyrir að launakostnaður hækkað um 5,9% á árinu. **Laun og launatengd gjöld** voru 126 m.kr. yfir fjárheimildum og **annar rekstrarkostnaður og afskriftir** voru 6,9 ma.kr. yfir fjárheimildum sem rekja má um 5,6 ma.kr. til A-hluta en frávik B-hlutans skýrast að mestu af frávikum hjá OR og rekja má til uppbyggingu á starfsemi Carbfix, viðhaldskostnaði mannvirkja og innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans auk verðlagshækkana. Þá kom til gjalda áfallin skuldbinding við Brú lífeyrissjóð vegna bakábygðar launagreiðanda vegna starfsmanna sem voru orðnir 60 ára og eldri á árinu 2017 sem leiddi til 2,4 ma.kr. gjaldfærslu **lífeyrisskuldbindingar**, sem ekki var áætlað fyrir. **Matsbreytingar fjárfestingaegna** Félagsbústaða voru 2,8 ma.kr. undir áætlun.


Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld A- og B-hluta árið 2023 (m.kr.)



Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 29,4 ma.kr. Vaxtagjöld og verðbætur námu 32,3 ma.kr., þar af námu verðbætur 18,4 ma.kr. Verðbólga ársins var 8,7% en í fjárhagsáætlun var áætlað að verðbólga yrði 5,6%. Álverð hækkaði um 0,2% frá ársbyrjun til ársloka. Tekjufærsla vegna innbyggðrar álafleiðu í raforkusölusamningum nam 370 m.kr. Áætlað var að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 19,1 ma.kr. og frávikíð því 10,3 ma.kr. umfram áætlun.



Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Matsbreytingar fjárfestingaeigna Félagsbústaða á árinu 2023 námu 4.967 m.kr. sem endurspeglar hækkun fasteignamats á tímabilinu febrúar 2022 til febrúar 2023 umfram vísitöluhækkun febrúar 2022 til áramóta 2022 og hækkun vísitölu frá febrúar 2023 og til áramóta 2023.




Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álfleiðan) og gengismunur hjá OR hafa jafnan mikil áhrif á fjármagnslið A- og B-hluta eins og myndin hér að ofan sýnir. Í ár nam tekjufærsla vegna álfleiðu 370 m.kr. en gjaldfærsla var vegna gengismunar 147 m.kr. Síðustu tvö ár hafa þessir liðir ekki haft mikil áhrif á ársreikning Reykjavíkurborgar.

1.2. Efnahagur A- og B-hluta

Efnahagur A- og B-hluta (m.kr.)	31.12.2023	31.12.2022	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	188.039	173.917	14.122	8,1%
Veitukerfi	416.886	393.549	23.337	5,9%
Fjárfestingaeignir	157.086	148.620	8.466	5,7%
Götur	38.705	34.824	3.881	11,1%
Aðrir fastafjármunir	32.651	26.021	6.630	25,5%
Langtímakröfur	14.124	12.307	1.817	14,8%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.496	8.896	-400	-4,5%
Veltufjármunir án handb.fjár	49.278	49.920	-643	-1,3%
Handbært fé	27.085	21.922	5.163	23,6%
Eignir samtals	932.349	869.977	62.372	7,2%
Eigið fé	437.089	424.728	12.361	2,9%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	39.602	37.608	1.994	5,3%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	1.961	2.701	-740	-27,4%
Aðrar skuldbindingar	29.943	26.818	3.125	11,7%
Langtímalán	342.089	307.007	35.083	11,4%
Leiguskuldir	11.392	10.497	895	8,5%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	31.688	27.900	3.789	13,6%
Aðrar langtímaskuldir	2.007	40	1.967	4884,3%
Fyrirfram innborganir	392	683	-291	-42,6%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb.	36.185	31.995	4.190	13,1%
Skuldir og skuldbindingar samtals	495.261	445.249	50.012	11,2%
Skuldir og eigið fé samtals	932.349	869.977	62.372	7,2%


Hækkun eigin fjár skýrist aðallega af endurmatshækkunum á framleiðslu- og veitukerfum sem námu 14,2 ma.kr. að frádegnum tekjuskatti og vegna lóða A-hluta sem tekjur vegna lóðarleigu reiknast af og námu 3,6 ma.kr. Á móti kom að rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 3,4 ma.kr. og þýðingarmunur vegna eigna OR sem gerðar eru upp í erlendum gjaldmiðlum var neikvæður um 2,6 ma.kr.




Hreinar vaxtaberandi skuldir² jukust um 37 ma.kr. milli ára en hreinar skuldir jukust um 46 ma.kr. Hækkun hreinna vaxtaberandi skulda milli ára má einkum rekja til nýrra lána umfram afborganir, verðbóta og lífeyrisskuldbindingar vegna Brúar lífeyrissjóðs.

² Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádegnum fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.

1.3. Sjóðstreymi A og B-hluta




Handbært fé hækkaði á árinu um 5,2 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 58,1 ma.kr., greidd gatnagerðargjöld og seldur byggingarréttur námu 4,1 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög námu 54,5 ma.kr. á árinu, nýjar leiguskuldir námu 1,9 ma.kr. og afborganir lána og leiguskulda námu 33,2 ma.kr.



Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf A- og B-hluta kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum.


Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.



Greiðslugeta A- og B-hluta til að standa undir afborgunum lána og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Myndin sýnir að veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur standa ekki undir fjárfestingum nema að hluta.

1.4. Fjármálareglur sveitarfélaga


Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025 til að liðka fyrir möguleikum sveitarfélaganna að grípa til viðspyrnu og sóknar í stað samdráttaraðgerða vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins.



Jafnvægisregla og jafnvægisviðmið

Skv. 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærra en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Er hún skilgreind í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Ákvæði um að undanskilja veitu- og/eða orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægisviðmiðinu gildi til ársloka 2021.

Í myndinni hér að ofan er jafnvægisviðmiðið sýnt án OR árin 2019-2021 í samræmi við þær reglur sem þá giltu. Síðustu tvær súlurnar árin 2022 og 2023 eru með OR í samræmi við núgildandi reglur. Vakin er athygli á árið 2019 miðast við eldri útgáfu af reglugerð 1212 þar sem Faxaflóahafnir og byggðasamlögin voru tekin inn í samantekin reikning A og B-hluta að fullu.



Skuldaregla og skuldaviðmið

Skv. 64 gr. sveitarstjórnarlaga skulu skuldir og skuldbindingar samstæðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150% og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Ákvæði um að undanskilja veitu- og/eða orkufyrirtæki við útreikningin á skuldaviðmiði gilti til ársloka 2021.

Vakin er athygli á árið 2019 miðast við eldri útgáfu af reglugerð 1212 þar sem Faxaflóahafnir og byggðasamlögin voru tekin inn í samantekin reikning A og B-hluta að fullu.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A- og B-hluta Reykjavíkurborgar síðastliðin 5 ár³.

A- og B-hluti	2019*	2020	2021	2022	2023
Eiginfjárhlutfall	49,9%	46,9%	48,5%	48,8%	46,9%
Arðsemi eigin fjár	3,5%	-0,7%	7,2%	1,7%	-0,7%
Veltufjárhlutfall	1,14	1,26	1,44	1,14	1,09
Langtímaskuldir/eigið fé	70,5%	81,2%	76,5%	74,8%	81,3%
Uppgreiðslutími	7	11	13	13	11
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum	79%	89%	93%	158%	158%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	19%	14%	12%	12%	14%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	21%	18%	21%	17%	19%

* Óbreytt skv. eldri útgáfu af reglugerð 1212

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var neikvæð um 3,4 ma.kr. sem var 13 ma.kr. undir áætlun. Mesta frávikið var í nettó fjármagnsgjöldum en þau voru 10,3 ma.kr. meiri en áætlað var aðallega vegna hærri vaxta- og verðbóltagjalda en sá liður var 7,9 ma.kr. yfir áætlun en árið einkenndist af mikilli verðbólgu og háu vaxtastigi. Gengismunur var einnig 2,8 ma.kr. lægri en áætlað var og nam 138 m.kr. gjaldfærslu en ekki 2,6 ma.kr. tekjufærslu. Þá var matsbreyting fjárfestingaæigna Félagsbústaða var 2,8 ma.kr. undir áætlun. Jafnframt komu til gjalda lífeyrisskuldbindingar að fjárhæð 2,5 ma.kr. við Brú lífeyrissjóð vegna starfsmanna sem höfðu annað hvort hafið töku lífeyris eða höfðu náð 60 ára aldri árið 2017. Þá hefur virkjust 10% bakábyrgð launagreiðenda vegna þessa hóps sem nú er að hafa áhrif á A-hlutann og nokkur dótturfélög.
- Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

³ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

- Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 5 ma.kr. og var 436 ma.kr. lakari en áætlað var. Tekjur voru 7,6 ma.kr. yfir áætlun einkum vegna hærri skatttekna en rekstrarútgjöld A-hluta með afskriftum voru 7,7 ma.kr. yfir fjárheimildum, þar af var gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar 2,3 ma.kr. yfir áætlun en laun og launatengd gjöld voru á pari. Fjármagnsliðir voru 337 m.kr. yfir fjárheimildum en fjármagnsgjöld voru um 2,1 ma.kr. yfir fjárheimildum vegna hárra vaxta og mikillar verðbólgu en á móti kom að fjármunatekjur voru 1,7 ma.kr. yfir áætlun einkum vegna hærri arðgreiðslna af eignahlutum.
- Reykjavíkurborg hefur höfðað mál á hendur íslenska ríkinu aðallega og til vara til greiðslu tiltekinna framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árin 2015-2019, eða greiðslu að fjárhæð 5.418 m.kr. vegna annars vegar almenns jöfnunarframlags vegna reksturs grunnskóla og hins vegar framlags vegna kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Til þrautarvara gerir Reykjavíkurborg kröfu um að viðurkennt verði fyrir dómi að íslenska ríkinu hafi verið óheimilt að afnema tilvitnuð framlög til stefnanda á grundvelli reglugerðarákvæða. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 20. desember 2023 var íslenska ríkið dæmt til að greiða Reykjavíkurborg kr. 3.370 m.kr., ásamt vöxtum vegna umræddra tveggja framlaga fyrir árin 2015-2019, auk þess sem íslenska ríkið var talið hafa með ólögmætum og saknæmum hætti útilokað Reykjavíkurborg frá því að geta hlotið þessi framlög á grundvelli ákvæða reglugerðar sem ekki var lagastoð fyrir. Með ákvörðun Hæstaréttar Íslands frá 15. mars 2024 var samþykkt beiðni íslenska ríkisins um að fá að áfrýja beint til Hæstaréttar dómi héraðsdóms í málinu. Engar færslur hafa verið færðar í bókum Reykjavíkurborgar vegna þessa máls á meðan beið er lokaniðurstöðu.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu Félagsbústaða vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBITDA) sem lækkaði um 2,5% á milli ára, en tekjur hækkuðu um 12,6% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 23,7%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Veltufé frá rekstri Félagsbústaða nam 1.062 m.kr. á árinu 2023 og er því umtalsvert lægra en afborganir langtímalána sem námu 1.439 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 10,4% milli ára vegna verðbólgu og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja lækkaði í 1,80 og skuldaþekja lækkaði einnig í 0,86 á árinu 2023 (2,18 og 1,01 við árslok 2022). Vaxtaþekja er yfir lágmarki 1,4 en skuldaþekja er undir lágmarki sem er 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Rekstrarniðurstaða Orkuveitu Reykjavíkur var jákvæð um 6,4 ma.kr. sem er lækkun um 1,9 ma.kr. milli ára. Meginskýring á lækkun afkomu má helst rekja til fjármagnsliðar sem var neikvæður um 13,1 ma.kr. árið 2023 en var neikvæður um 10,1 ma.kr. árið 2022 og má einkum rekja til hærri fjármagnsgjalda og lægri tekna vegna gangvirðisbreytinga.
- Gjalddeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Á árinu 2023 voru tekjur í erlendri mynt 10 ma.kr. á meðan kostnaður og afborganir í erlendri mynt nam 12,1 ma.kr. Er það viðsnúningur frá árinu 2022 þegar tekjur í erlendri mynt voru umfram kostnað og afborganir í erlendri mynt.
- SORPA hóf útflutning á blönduðum úrgangi til orkuendurvinnslu á árinu 2023 og dró úr urðun í Álfsnesi. Gengið var frá nýju eigendasamkomulagi um áframhaldandi urðun á óvirkum úrgangi eftir lok árs 2023. Með þessu samkomulagi er tryggt aðgengi samlagsins að urðunarstað í Álfsnes til 2030.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarviðs:









- Í desember 2022 samþykkti borgarstjórn fjármálastefnu 2023-2027, með skýrum áherslum um hvernig tekist yrði á við hallarekstur og erfiðar aðstæður í alþjóðlegu efnahagsumhverfi. Til lengri tíma lítið með vexti þróttmikils borgarsamfélags, en til skemmri tíma með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við fyrri áætlanir. Í fjármálastefnunni voru settar skýrar megináherslur sem unnið hefur verið eftir ásamt markmiðum og mælikvörðum sem er fylgt eftir með reglubundnum hætti. Allir mælikvarðar A-hluta voru yfir markmiðum ársins 2023 en þrátt fyrir þann árangur er mikilvægt að halda áfram framfylgd fjármálastefunnar. Því þungur rekstur í kjölfar kórónuveirufaraldursins ásamt áhrifum þrálátrar verðbólgu birtist enn í fjárhagsmælikvörðum borgarinnar m.a. í eiginfjárlutfalli sem hefur farið lækkandi.
- Ytra efnahagsumhverfi Reykjavíkurborgar var áfram krefjandi á árinu 2023. Þrálát verðbólga, miklar launahækkanir og háir stýrivextir settu þrýsting á rekstrarútgjöld stofnana og fjármagnskostnað borgarinnar. Á móti fjölgaði starfandi einstaklingum í Reykjavík um 4,3% sem rekja má til íbúafjölgunar og lítils atvinnuleysis. Hafði það jákvæð áhrif á útsvarstekjur sem voru talsvert umfram áætlun. Helstu áskoranir í rekstri Reykjavíkurborgar eru einkum vegna verkefna sem flutt hafa verið frá ríki til sveitarfélaga án þess að fullnægjandi fjármögnun fylgi. Náðst hefur áfangi í fjármögnun á málaflokki fatlaðs fólks þegar samið var um 0,22% hækkun á álagningarhlutfalli útsvars í árslok 2022 sem kom til framkvæmda 2023 og síðan 0,23% hækkun í árslok 2023 sem kemur til framkvæmda í ársbyrjun 2024. Niðurstaða skýrslu starfshóps ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun málaflokksins sýnir þó að enn vantar talsvert upp á fulla fjármögnun hans. Í skóla- og velferðarþjónustu hefur þurft að grípa til ýmissa aðgerða vegna móttöku flóttafólks og undir lok árs bættust við nýjar áskoranir vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga. Reykjavíkurborg hefur ásamt öðrum sveitarfélögum tekið þátt í aðgerðum við að styðja við íbúa Grindavíkurbæjar.

- Í borgarreknunum grunnskólum að frátöldum sérskólum er raunkostnaður 640 m.kr. eða 1,8% umfram fjárheimildir ef frá er talið mat á óreglulegum liðum sem voru 441 m.kr. umfram fjárheimildir. Nýtt grunnskólalíkan fyrir borgarreknana grunnskóla var innleitt haustið 2021 og hefur verið í notkun frá því í ársbyrjun 2022. Borgarráð samþykkti við innleiðingu nýs líkans umtalsverðar viðbótar fjárheimildir til að styrkja rekstur skólanna og breyttar forsendur sem tóku mið af ítarlegri greiningu á rekstri þeirra. Samþykkt var reynslutímabil til tveggja ára eða til loka árs 2023. Tækist grunnskólum sem fengju úthlutað fjármagni á grundvelli líkansins að haga rekstri sínum innan fjárheimilda og í jafnvægi á þeim reynslutíma yrði litið framhjá útgjöldum ársins 2021 umfram fjárheimildir og ekki var hægt að rekja til óhagstæðra ytri skilyrða samanber reglur Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar. Halli borgarrekinnna grunnskóla á árinu 2022 nam 284 m.kr. eða 0,9% og á árinu 2023 nam hallinn 640 m.kr. eða 1,8%. Þrátt fyrir skýrar forsendur um fjármögnun á grundvelli nýs rekstrarlíkans er hluti grunnskólanna að glíma við frávík í rekstri sem þarf að takast á við. Brýnt er að leikreglur séu virtar og brugðist við með viðeigandi hætti. Framundan er frekari rýning með hliðsjón af ofangreindri samþykkt borgarráðs frá 2021.
- Í borgarreknunum leikskólum er raunkostnaður 2.481 m.kr. eða 14,3% umfram fjárheimildir. Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020. Ætla má að það skýrist af ýmsum samverkandi þáttum s.s. áhrifum af styttingu vinnuvikunnar, fjölgun undirbúningstíma, auknum veikindum og fækkun barna í umsjón hvers starfsmanns. Fyrir liggur nýtt úthlutunarlíkan fyrir leikskóla borgarinnar sem brýnt er að innleiða sem fyrst sem stjórnþæki til að ná betri yfirsýn og tókum á rekstri leikskólanna.
- Útgjöld á barn í leikskólum borgarinnar hafa hækkað umtalsvert á föstuverðlagi frá árinu 2019 eða um 10,8%. Tekjur á barn hafa hins vegar dregist saman um 5,5%. Kostnaðarþátttaka foreldra var 8,4% á árinu 2019 en var aðeins 7,2% árið 2023. Mikilvægt er að mótuð verði stefna borgarinnar um kostnaðarþátttöku foreldra vegna reksturs leikskóla.
- Á sama tíma og áhersla er á fjölgun leikskólalássa til að takast á við biðlista, hefur ekki tekist að fullmanna leikskóla borgarinnar sökum manneklu. Það hefur leitt til þess að gildandi rekstrarleyfi eru ekki fullnýtt. Mikilvægt er að áætlun um uppbyggingu og fjölgun leikskólaryma taki mið af þeirri stöðu.
- Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 21.689 m.kr. en tekjur námu aðeins 13.467 m.kr. Heildarniðurstaða var því neikvæð um 8.222 m.kr. Vorið 2022 var skipaður starfshópur með fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, innviðaráðuneytisins, félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem stýrt var af Haraldi Líndal Haraldssyni um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Hópurinn skilaði áfangaskýrslu sinni í janúar 2024 með ítarlegri greiningu á stöðu málaflökksins á landsvísu. Helstu niðurstöður sýna að hallinn af málaflöknum árið 2021 var 14,2 ma.kr. Þá koma fram sterkar vísbendingar um að útgjöld til þjónustunnar haldi áfram að vaxa umtalsvert á næstu árum, enda framundan mikil uppbyggingarþörf vegna búsetuurræða og fleiri þátta. Það er mat sveitarfélaganna að til framtíðar þurfi að hækka útsvarið um 1,21% til að takast á við verkefnið að öðru óbreyttu. Alþingi samþykkti í lok árs 2023 að hækka útsvar um 0,23%-stig sem tók gildi frá og með ársbyrjun 2024. Ljóst er að enn vantar umtalsvert upp á fulla fjármögnun málaflökksins og að áframhaldandi uppbygging þjónustunnar veltur á því að niðurstaða fáiast í samningum við ríkið vegna þessa.
- Uppsafnaður halli málaflökks fatlað fólks hefur vaxið hratt síðustu árin og er kominn í 43,8 ma.kr. að nafnvirði frá því að sveitarfélögin tóku við málaflöknum árið 2011. Þrátt fyrir auknar tekjutilfærslur í gegnum útsvarið á síðustu tveimur árum dugar það ekki fyrir þeim lögbundnu skyldum sem lagðar hafa verið á sveitarfélögin. Áframhaldandi vanfjármögnun á málaflöknum af hálfu ríkisins er óásættanleg og ógnar sjálfbærni í rekstri.
- Stuðnings- og stoðþjónusta var 295 m.kr. umfram fjárheimildir eða 9%. Útgjöld hafa farið vaxandi á síðustu árum ekki síst í ljósi innleiðingu laga nr. 38/2018. Framúrkefslan á tímabilinu er vísbending um að útgjöld séu að þróast með óhagstæðum hætti. Mikilvægt er að reglur Reykjavíkurborgar rammi inn þjónustustig í samræmi við stefnu borgarinnar og fjárheimildir.
- Útgjöld vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru 561 m.kr. umfram fjárheimildir. Auk þess voru útgjöld vegna barnaverndar 441 m.kr. yfir fjárheimildum. Kostnaður hefur aukist afar mikið á síðustu árum. Þá hefur meðferðarheimilum Barnaverndarstofu verið lokað, einu af öðru á undanförunum áratug en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.
- Útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur frá ríkinu til rekstrar voru 386 m.kr. Viðvarandi rekstrarhalli er á Seljahlíð þar sem daggjöld standa ekki undir kostnaði. Reykjavíkurborg sagði upp samningi við ríkið um rekstur þess sem átti að koma til framkvæmda á síðasta ári en var framlengdur til 31.08.2024. Mikilvægt er að sækja eðlilegar útgjaldahækkningar til ríkisins svo unnt sé að halda uppi umsömdu þjónustustigi og að niðurlagning hjúkrunarrýma í Seljahlíð nái fram að ganga.
- Mikilvægt er að rýna fjármagnsskipan Faxaflóahafna með hliðsjón af kröfum eigenda um arðsemi og eiginfjárhlutfall.
- Mikilvægt er að tryggja Félagsbústöðum sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.
- Félagsbústaðir náðu ekki markmiðum sem sett hafa verið um fjárhagslega sjálfbærni á árinu 2023, þ.e. að rekstrartekjur hvers árs standi undir rekstrargjöldum, vaxtagjöldum og afborgunum langtíma lána sem falla til á hverju ári. Skýrist það að mestu af auknum kostnaði umfram tekjur vegna viðhalds, s.s. standsetningarkostnaði milli leigjandaskipta, viðhalds íbúða í

búsetu og hlutdeildar Félagsbústaða í framkvæmdagjöldum húsfélaga vegna dreifðra íbúða í fjölbýli í borginni. Borgarstjóri sem fer með eigandafyrirsvar félagsins setti af stað starfshóp með fulltrúum eigenda og stjórnendum félagsins sem hafa unnið að því að greina stöðu þess og koma með tillögur að viðbrögðum.


- Framlegð Orkuveitu Reykjavíkur (EBITDA / rekstrartekjur) lækkar talsvert annað árið í röð. Hún er 58,4% og hefur veikt um 3,5%-stig miðað við fyrra ár. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs. Að sama skapi er mikilvægt að félagið hafi á hverjum tíma getu til að greiða eigendum sínum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu.
- Lán OR sem hafa eigendaábyrgð nema um 52,8 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 49,4 ma.kr. og hefur farið lækkandi síðustu ár.
- Brýnt er að endurskoða eigendastefnu félagsins og tryggja að hún nái betur utanum umfang og áskoranir dótturfélaga OR.
- Skuldaviðmið Reykjavíkurborgar með Orkuveitu Reykjavíkur var 158% í árslok en skuldaviðmið borgarinnar án OR var 109%. Skuldsetning Orkuveitunnar vegna uppbyggingar á mikilvægum samfélagslegum innviðum hefur mikil áhrif á lögbundið hámark skuldaviðmiðs samkvæmt sveitarstjórnarlögum og setur Reykjavíkurborg verulegar skorður vegna framkvæmda og uppbyggingar á öðrum sviðum. Mikilvægt er því að öll ákvarðanatöku innan samstæðu Reykjavíkurborgar sem varðar fjárfestingar og lántökur sé gagnsæ og byggð á grunni eigendastefnu með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.
- Vegna innleiðingar reglna um forgangsröðun úrgangs og hringrásrarhagkerfið sem kveða á um að hætta urðun á brennanlegum úrgangi er mikilvægt er að hraða undirbúningi á framtíðarlausnum varðandi förgun hans og tryggja fjármögnun ásættanlegra lausna til að mæta auknum skyldum.
- Bygging endurvinnslustöðvar við Lambahagaveg, færsla endurvinnslustöðvarinnar frá Sævarhöfða og breytingar á öðrum endurvinnslustöðvum kalla á töluverðar fjárfestingar á árunum 2024-2025, sem greiðast munu beint af sveitarfélögunum. Þessi áform þurfa að speglast í A-hluta Reykjavíkurborgar.
- Tap af rekstri Strætó nam 374 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 243 m.kr. tapi. Óreglulegir liðir skýra tapið að mestu, s.s. gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga við Brú lífeyrissjóð að fjárhæð 257 m.kr. og greiðsla skaðabóta vegna dómsmáls 85 m.kr. en eigendur lögðu fyrirtækinu til það sem uppá vantaði en skaðabæturnar námu alls 437 m.kr. Fyrirtækið er í miklum rekstrarvanda þrátt fyrir viðbótarframlög sveitarfélaganna inn í reksturinn á síðustu tveimur ár og eigið fé þess er uppuríð. Auk þess fjárhagsvanda sem fyrirtækið glímir við eru framundan umtalsverðar væntingar til uppbyggingar á almenningsamgöngum í samstarfi við ríkið sem ennþá er mikil óvissa um fjármögnun á.
- Kennitölur Strætó endurspeglu bága stöðu. Veltufjárhlutfall er 0,55 en æskilegt lágmark er 1. Kennitalan lýsir hæfni til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á árinu og er því getan skert án aðgerða. Þá er eiginfjárhlutfall neikvætt um 11,3%. Að öðru óbreyttu þurfa eigendur að bregðast við þessari stöðu.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A- og B-hluta



2. A-hluti

2.1. Rekstur A-hluta




Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2023	Áætlun	Frávik	%	Raun 2022	Breyting	%
Staðgreiðsla	121.172	115.335	5.837	5,1%	106.059	15.113	14,2%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-16.277	-15.493	-784	5,1%	-12.856	-3.421	26,6%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	3.023	3.500	-477	-13,6%	1.426	1.597	112,0%
Nettó útsvar	107.918	103.342	4.576	4,4%	94.629	13.288	14,0%
Fasteignaskattar	25.108	25.142	-34	-0,1%	21.947	3.162	14,4%
Lóðarleiga	2.294	2.111	182	8,6%	2.013	280	13,9%
Afskrifaðir/niðurfærðir fasteignaskattar, breyting	1	0	1		2	0	
Fasteignaskattar samtals	27.403	27.254	150	0,5%	23.962	3.442	14,4%
Skatttekjur samtals	135.321	130.596	4.725	3,6%	118.591	16.731	14,1%
Framlög Jöfnunarsjóðs	13.383	12.121	1.262	10,4%	10.608	2.775	26,2%
Þjónustutekjur	13.449	12.114	1.335	11,0%	12.774	675	5,3%
Eignatekjur	31.070	30.638	433	1,4%	29.873	1.197	4,0%
Sala byggingaréttar	2.341	5.000	-2.659	-53,2%	4.844	-2.502	-51,7%
Söluhagnaður eigna	657	250	407	162,7%	666	-9	-1,3%
Endurgreiðslur annarra	9.776	6.945	2.830	40,8%	8.703	1.073	12,3%
Aðrar tekjur	3.478	3.060	419	13,7%	2.981	498	16,7%
Milliviðskipti tekin út	-33.067	-31.895	-1.172	3,7%	-32.793	-274	0,8%
Rekstrartekjur samtals	176.408	168.828	7.580	4,5%	156.246	20.163	12,9%
Laun og launatengd gjöld	-98.280	-98.439	159	-0,2%	-91.544	-6.736	7,4%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga	-3.760	-1.500	-2.260	150,6%	-5.467	1.707	-31,2%
Launakostnaður samtals	-102.040	-99.939	-2.101	2,1%	-97.011	-5.029	5,2%
Annar rekstrarkostnaður	-66.418	-61.522	-4.896	8,0%	-61.396	-5.022	8,2%
Afskriftir	-8.776	-8.095	-681	8,4%	-7.691	-1.085	14,1%
Rekstrargjöld samtals	-177.234	-169.556	-7.678	4,5%	-166.098	-11.135	6,7%
Fjármagnsliðir og hlutd. í afkomu hlutdeildarf.	-4.143	-3.806	-337	8,9%	-5.752	1.609	-28,0%
EBITDA	7.950	7.367	583	7,9%	-2.161	10.111	-467,9%
EBIT	-826	-728	-98	13,5%	-9.852	9.026	-91,6%
Rekstrarniðurstaða	-4.969	-4.534	-436	9,6%	-15.605	10.635	-68,2%

Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2023 var neikvæð um 5 ma.kr. sem var 436 m.kr. lakari niðurstaða en áætlað var. Ef frá er tekin halli af rekstri málefna fatlaðs fólks sem nam 8,2 ma.kr var niðurstaðan jákvæð um 3,3 ma.kr. **Grunnreksturinn**, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, var jákvæð um 8 ma.kr. sem var um 583 m.kr. betri niðurstaða en áætlað var.

Tekjur: Skatttekjur voru 135,3 ma.kr. eða 4,7 ma.kr. yfir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 5,8 ma.kr. yfir áætlun og hækkaði um 15,1 ma.kr. milli ára. Hækkun útsvars má rekja til meiri spennu á vinnumarkaði og vegna launabróunar. Fjöldi starfandi í Reykjavík hefur verið að fjölga undanfarið og var að jafnaði um 4,3% hærri en árið 2022. Launavísitalan hækkaði um 9,8% á árinu en forsendur áætlunar gerðu ráð fyrir að launakostnaður hækkaði um 5,9% á árinu. Í desember 2022 náðist samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríkinu til sveitarfélaga sem nam 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023. Rekja má 1,8 ma.kr. hækkun í staðgreiðslu útsvars til þeirra breytingar. Í ársbyrjun 2024 mun útsvarsprósentan að auki hækka um 0,23%. Þrátt fyrir samkomulagið glíma sveitarfélög enn við mikla vanfjármögnun vegna málaflokks fatlaðs fólks og er það eitt af áherslum Reykjavíkurborgar í gildandi fjármálastefnu að leiðrétta fjármögnun hans. Tekjur vegna **skattbreytinga ásamt niðurfærslum og afskrift skatttekna** voru 3 ma.kr. eða 477 m.kr. undir áætlun og hækka um 1,6 ma.kr. samanborið við síðasta ár. **Fasteignaskattar**⁴ voru 27,4 ma.kr. eða 150 m.kr. yfir áætlun einkum vegna tekna af lóðarleigu. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 1,3 ma.kr. yfir áætlun aðallega vegna hærri framlaga til málefna fatlaðs fólks sem kemur m.a. til af hærri útsvarstekjum á landsvísu en áætlað var. **Endurgreiðslur annarra**⁵ námu 9,8 ma.kr. og voru 2,8 ma.kr. yfir áætlun, þar af voru endurgreiðslur frá ríki og öðrum sveitarfélögum 2,6 ma.kr. yfir áætlun og ýmsir styrkir 325 m.kr. yfir áætlun. Mest frávik voru í framfærslustyrk v. erlendra ríkisborgara sem var 945 m.kr. yfir áætlun og vegna þjónustu við hælisleitendur 306 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 2,3 ma.kr. og var 2,7 ma.kr. undir áætlun en stór verkefni fara seinna af stað en gert var ráð fyrir. **Þjónustutekjur** voru 13,4 ma.kr. eða 1,3 m.kr. hærri en áætlað var.


Gjöld: **Laun og launatengd gjöld** námu 98,3 ma.kr. og voru 159 m.kr. innan fjárheimilda. Launakostnaður á skóla- og frístundasviði var 2 ma.kr. yfir fjárheimildum, þar af voru langtímaveikindi rúmlega 500 m.kr. yfir fjárheimildum, aukning vegna verkefna þar sem tekjur koma á móti s.s. tengdar stuðningi og þjónustu við fatlaða nemendur og þjónusta við flóttabörn var um 873 m.kr. yfir áætlun, að hluta til er um þekktar skekkjur að ræða þar sem nýtt leikskólalíkan hefur ekki verið innleitt við úthlutun fjárheimilda. Á velferðarsviði var launaliðurinn 1,2 ma.kr. yfir fjárheimildum. Þar skýrast frávikin af fjölþættum vanda í búsetu fatlaðs fólks, álagi í kjörnum og veikindum starfsmanna. Meðalveikindahlutfall á sviðinu nam 7,5% eða sem svarar 181 stöðugildi. Þá nam kostnaður vegna uppgjors á uppsöfnuðu orlofi 332 m.kr. hjá velferðarsviði. Á móti kom að inni á sameiginlegum kostnaði var um 2,5 ma.kr. frátekni til innleiðingar á nýju leikskólalíkani og inntöku yngri barna sbr. verkefnið Brúum bilið. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga** nam 3,8 ma.kr. og var 2,3 ma.kr. yfir áætlun. Breyting lífeyrisskuldbindingar við LsRb nam 1,5 ma.kr. og var í samræmi við áætlun. Jafnframt var fært til gjalda og skuldar áfallin lífeyrisskuldbinding A-hluta vegna tryggingarfræðilegs endurmats Lífeyrissjóðs Brúar vegna starfsmanna sem höfðu hafið töku lífeyris eða höfðu náð 60 ára aldri árið 2017. Áunnin réttindi þessa hóps eru tryggð af launagreiðanda. Þar sem neikvæð tryggingarfræðileg staða Brúar lífeyrissjóðs er komin umfram 10% lögbundið viðmið kemur til gjaldfærslu vegna þessa hóps sem nam 2,3 ma.kr. en ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í áætlun enda lá hann ekki fyrir fyrr en í árslok 2023.



⁴ Fasteignaskattar A-hluta samanstanda af fasteignasköttum Aðalsjóðs að frádrögnum fasteignagjöldum af fasteignum Eignasjóðs.

⁵ Nánari sundurliðun á endurgreiðslum annarra er að finna í umfjöllun um Aðalsjóð í greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

Annar rekstrarkostnaður nam 66,4 ma.kr. og var um 4,9 ma.kr. umfram fjárheimildir.⁶ Helstu frávik frá áætlun í öðrum rekstrarkostnaði er að finna á skóla- og frístundasviði m.a. í hráefniskostnaði mótuneyta sem var 1 ma.kr. yfir fjárheimildum. Að hluta til er um þekkt skekkju að ræða vegna mótuneyta leikskóla. Á velferðarsviði má rekja frávik sviðsins meðal annars til vistgreiðslna vegna barna með þroska- og geðraskanir sem voru 714 m.kr. yfir fjárheimildum. Þá var þjónusta við flóttafólk og hælisleitendur umtalsvert yfir áætlun en tekjur koma frá ríkinu á móti þeim kostnaði að mestu leiti. Kostnaður vegna vetrarþjónustu var tæpum 1 ma.kr. yfir fjárheimildum vegna snjóþyngsla síðasta vetur.



Ef horft er á frávik rauntalna frá upprunalegri áætlun þá sveiflast liðir með svipuðum hætti og í frávikum rauntalna og áætlunar með viðaukum. Tekjur jukust um 10,3 ma.kr. borið saman við upprunalega áætlun, einkum skatttekjur og tekjur frá Jöfnunarsjóði sem voru 8,3 m.kr. yfir áætlun. Kostnaðarliðir voru 9,2 ma.kr. yfir upprunalegri áætlun. Tap af rekstri A-hluta var 1,1 ma.kr. minna en áætlað var í upprunalegu áætlun ársins.

Rekstur málaflökkanna

Rekstur málaflökka (í m.kr.)	Niðurstaða 2023	Áætlun 2023	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflökka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	1.473	1.558	-85	-5%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	5.105	4.940	164	3%	3%
Menningar- og íþróttasvið	17.801	17.871	-70	0%	12%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	404	404	1	0%	0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	2.089	2.189	-100	-5%	1%
Skóla- og frístundasvið	74.257	70.756	3.500	5%	50%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	11.279	10.553	726	7%	8%
Velferðarsvið án bundinna liða	38.690	37.398	1.291	3%	26%
Velferðarsvið, bundnir liðir	4.147	5.049	-903	-18%	3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	4.094	3.920	173	4%	3%
Sameiginlegur kostnaður án lífeyrisskuldbindinga	4.490	7.942	-3.452	-43%	3%
Lífeyrisskuldbindinga	3.760	1.500	2.260	151%	3%
Málaflökkar Aðalsjóðs samtals	167.587	164.081	3.506	2%	113%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga					148.704
Eignaskrifstofa	-17.167	-17.136	-31	0%	
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ES	-1.967	-4.665	2.698	-58%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignasjóðs	3.620	3.626	-6	0%	
Málaflökkar Eignasjóðs samtals	-15.513	-18.175	2.662	-15%	

Rekstur málaflökka Aðalsjóðs án lífeyrisskuldbindinga var 1.246 m.kr. yfir fjárheimildum en þar af var skóla- og frístundasvið 3.500 m.kr. yfir fjárheimildum og velferðarsvið án bundinna liða⁷ var 1.291 m.kr. yfir fjárheimildum. Frávik á sameiginlegum kostnaði án lífeyrisskuldbindinga við LsRb skýrist að stórum hluta af fjárheimildum sem gert var ráð fyrir að fjármagna s.s. nýtt leikskólalíkan og inntöku yngri barna í leikskóla sbr. verkefnið Brúum bilið. Frávik í skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu í Eignasjóðis skýrist að mestu af lægri tekjum af sölu byggingarréttar. Í síðasta dálki töflunnar má sjá hversu hátt hlutfall af

⁶ Nánari greiningu rekstrargjalda má finna í greinargerð fagsviða með ársreikningi Reykjavíkurborgar 2023.

⁷ Bundnir liðir eru fjárhagsaðstoð og húsnæðisstuðningur.


skatttekjum þ.e. útsvari og fasteignaskatti er varið til viðkomandi málaflokka. Nettó útgjöld til þeirra námu 167.718 m.kr. en skatttekjur A-hluta ásamt framlögum frá Jöfnunarsjóði námu 148.704 m.kr.

Í meðfylgjandi töflu er framsetningu í samþyktri fjárhagsáætlun sviðanna fylgt og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður niðurstöður ársins 2022, sjá nánar í greinargerð fagsviða.

Aðalsjóður fagsvið	Eining	Raun 2023	Upprunaleg áætlun 2023	Esk áætlun 2023	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2022	Mism. milli ára	%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	FAS	1.473	1.470	1.558	-85	-5,5%	1.462	11	0,8%
Menningar- og íþróttasvið	MIR	17.801	17.231	17.871	-70	-0,4%	10.392	7.409	71,3%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	MOS	404	377	404	1	0,2%	375	29	7,8%
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu	RHS	2.089	1.836	2.189	-100	-4,6%	1.860	228	12,3%
Skóla- og fristundasvið	SFS	74.257	66.370	70.756	3.500	4,9%	69.483	4.773	6,9%
Umhverfis- og skipulagssvið	USKRK	11.279	9.967	10.553	726	6,9%	13.067	-1.788	-13,7%
Velferðarsvið án bundinna liða	VEL	38.690	35.209	37.398	1.291	3,5%	35.823	2.866	8,0%
Velferðarsvið bundnir liðir	VEL	4.147	5.049	5.049	-903	-17,9%	4.196	-49	-1,2%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	ÞON	4.094	3.726	3.920	173	4,4%	3.052	1.042	34,1%
Sameiginlegur kostnaður	ÖNN	8.250	16.577	9.442	-1.193	-12,6%	9.522	-1.273	-13,4%
Samtals		162.482	157.812	159.141	3.342	2,1%	149.234	13.248	8,9%

Sveiflukenndir liðir


Á meðal tekna A-hluta eru sveiflukenndir liðir einkum tekjur af sölu byggingaréttar og hagnaður af sölu eigna. Í góðæri og á uppbyggingarskeiðum hækka þessa tekjur oft verulega en dragast saman á samdráttarskeiðum. Á myndinni hér að neðan eru þessar tekjur sýndar síðastliðin 5 ár.



2.2. Efnahagur A-hluta

Efnahagur A-hluta (m.kr.)	31.12.2023	31.12.2022	Breyting	%
Óefnislegar eignir - hugbúnaður	5.272	3.777	1.495	39,6%
Fasteignir og lóðir	162.241	149.615	12.627	8,4%
Götur	38.250	34.372	3.878	11,3%
Áhöld og tæki	8.728	7.362	1.366	18,6%
Leigueignir	5.899	5.154	746	14,5%
Langtímakröfur	16.775	16.114	661	4,1%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.093	8.475	-382	-4,5%
Veltufjármunir án handb.fjár	22.963	22.008	955	4,3%
Handbært fé	11.506	10.221	1.285	12,6%
Eignir samtals	279.727	257.097	22.630	8,8%
Eigið fé	81.254	82.610	-1.356	-1,6%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	38.745	36.939	1.806	4,9%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	1.908	2.664	-756	-28,4%
Langtímalán	111.753	96.829	14.923	15,4%
Leiguskuldir	11.258	10.492	766	7,3%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	12.838	6.267	6.571	104,9%
Ríkissjóður, fyrirfram innborgað vegna fjárfestinga	80	80	0	0,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði	21.890	21.214	676	3,2%
Skuldir og skuldbindingar samtals	198.473	174.487	23.986	13,7%
Skuldir og eigið fé samtals	279.727	257.097	22.630	8,8%

Breyting á eigin fé skýrist auk 5 ma.kr. taps af rekstri af endurmati vegna lóða sem tekjur (skattur) vegna lóðarleigu reiknast af og nam 3,6 ma.kr.







Á árinu 2023 má rekja 23 ma.kr. aukningu í hreinum skuldum⁸ til 14 ma.kr. lántöku umfram afborganir, 6,6 ma.kr. hækkunar verðbóta og affalla, 1 ma.kr. hækkunar á lífeyrisskuldbindingu umfram afborganir.

⁸ Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að fráðregnum fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.




Lántökur A-hluta á árinu 2023 námu 20,9 ma.kr., nýjar leiguskuldir voru 1,7 ma.kr., afborganir lána, leiguskulda og lífeyrisskuldbindinga námu 9,6 ma.kr. Verðbætur voru 6,6 ma.kr. Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um 1 ma.kr. umfram afborganir.

Skuldir og skuldbindingar A-hluta árið 2023							
í m.kr.	Staðan 1.1.2023	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar	Breyting skammtíma-skulda	Staðan 31.12.2023
Lífeyrisskuldbinding*	39.603		-2.710		3.760		40.653
Langtímaskuldir*	101.743	20.850	-5.289	5.636			122.941
Leiguskuldbindingar*	11.845	1.667	-1.588	983			12.908
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	27					0	27
Viðskiptaskuldir	6.150					923	7.073
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki	1.631					-749	882
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)	80					0	80
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof	10.550					123	10.673
Aðrar skammtímaskuldir	2.856					379	3.235
	174.487	22.517	-9.586	6.620	3.760	676	198.473


* ásamt næsta árs afborgunum




Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.




2.3. Sjóðstreymi A-hluta



Handbært fé frá áramótum til ársloka hækkaði um 1,3 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum nam 25 ma.kr. Greidd gatnagerðargjöld og sala byggingarréttar námu 4,2 ma.kr. Lántaka ársins nam 20,9 ma.kr., þar af nam útgáfa grænna skuldabréfa 4,9 ma.kr. Nýjar leiguskuldir námu 1,7 ma.kr. Afborganir lána og leiguskulda námu 6,9 ma.kr.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var jákvætt um 6,5% á árinu 2023.












Greiðslugeta A-hluta vegna afborgana, fjárfestinga og framlags vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta sl. 5 ár:⁹


A-hluti	2019	2020	2021	2022	2023
Eiginfjárlutfall	46,5%	42,6%	38,9%	32,1%	29,0%
Arðsemi eigin fjár	1,4%	-6,1%	-4,2%	-17,0%	-6,0%
Veltufjárlutfall	1,17	1,28	1,45	1,07	0,94
Langtímaskuldir/eigið fé	56,7%	69,7%	92,6%	129,9%	151,4%
Uppgreiðslutími	5	17	74	n/a	12
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum	52%	56%	61%	77%	82%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	9%	3%	0,9%	-0,6%	6,5%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	5%	0,0%	2,8%	-1,4%	4,5%

⁹ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta



2.4. Fjármagnsliður A-hluta




Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs og Eignasjóðs.

Fjármagnsliður A-hluta var neikvæður um 4.143 m.kr. á tímabilinu sem er 337 m.kr. verri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fjármunatekjur A-hluta voru 8.131 m.kr. sem var 1.742 m.kr. umfram áætlun tímabilsins. Betri niðurstaða skýrist einna helst af hærri arðgreiðslum frá Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahöfnum en gert var ráð fyrir eða 1.337 m.kr. Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár var 285 m.kr. yfir áætlun en ávöxtun á skuldabréfasafni var lægri en áætlað var en á móti kemur að vextir á skammtímamarkaði voru hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Tekjur af ábyrgðargjaldi voru 48 m.kr. yfir áætlun. Á móti voru dráttarvaxtatekjur 25 m.kr. undir áætlun.


Fjármagnsgjöld A-hluta voru 12.274 m.kr. sem var 2.079 m.kr. umfram áætlun. Skýrist það af 1.951 m.kr. hærri vaxta- og verðbóttagjöldum vegna hærri verðbólgu og hærri vaxta en forsendur áætlunar gerðu ráð fyrir en einnig af 127 m.kr. hærri fjármagnstekjuskatti, m.a. vegna skuldabréfasafns. Lántökukostnaður var lítilliga undir áætlun.

Handbært fé A-hluta í lok desember 2023 var 11.506 m.kr. sem skiptist í skuldabréfasafn 7.042 m.kr., peningamarkaðsinnlán 3.927 m.kr. og stöðu á veltureikningum 537 m. kr. Handbært fé jókst um 1.285 m.kr. á árinu. Fjárhagsáætlun 2023 gerði ráð fyrir að handbært fé myndi lækka um 2.137 m.kr. árinu.




Ávöxtun á handbært fé var 285 m.kr. umfram áætlun ársins, vaxtatekjur voru 1.042 m.kr. samanborið við 757 m.kr. sem áætlunin hljóðaði upp á. Frávikid skýrist af því að handbært fé hefur verið herra og vextir á skammtímamarkaði hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ávöxtun peningamarkaðsinnlána nam um 639 m.kr. á tímabilinu sem var 433 m.kr. yfir áætlun. Á móti

hefur ávöxtun á skuldabréfasafni Reykjavíkurborgar verið talsvert lægri á tímabilinu en áætlun gerði ráð fyrir og var 383 m.kr. á móti 548 m.kr. í áætlun. Ávöxtun skuldabréfasafnsins var 4,70% á árinu en safnið er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf.



Reykjavíkurborg ávaxtar allt laust fé miðað við sjóðsþörf A-hluta á hverjum tíma og velur ávöxtunarleið samkvæmt reglum um fjárstýringu og þau kjör sem bjóðast og er þannig reynt að hámarka ávöxtun handbærs fjár A-hluta. Meginvextir Seðlabankans héldu áfram að hækka á árinu og voru komnir 9,25% í ágúst 2023 og voru óbreyttir í lok árs.

Langtímaskuldir Reykjavíkurborgar námu 122.941 m.kr. Eftirfarandi mynd sýnir þróun þeirra frá árinu 2014. Staða langtímaskulda var 101.743 m.kr. í upphafi árs og hafa hækkað um 21.198 m.kr. þar af var ný lántaka 20.850 m.kr., afborganir námu 5.289 m.kr. og verðbætur og aföll ársins voru 5.636m.kr.




Fjármögnun Reykjavíkurborgar nam 20.850 m.kr. að markaðsverði á tímabilinu, þar af voru 4.868 m.kr. gefin út í skuldabréfaflokknum RVK 32 1, 3.204 m.kr. í skuldabréfaflokknum RVK 53 1, 4.875 m.kr. í græna skuldabréfaflokknum RVKG 48 1 og 1.903 m.kr. í skuldabréfaflokknum RVKN 35 1. Jafnframt var tekið langtímalán hjá Íslandsbanka 6.000 m.kr.

Verðtryggingarhlutfall útgefina skuldabréfa og lána hjá viðskiptabönkum er 70% og hefur hlutfallið haldist óbreytt á árinu 2023. Verðtryggð skuldabréfaflokkurinn RVK 53 1 er enn stærstur eða 32% af eftirstöðvum. Yfirlit yfir langtímalán má sjá í eftirfarandi töflu.

Flokkur	Samtals útgefið 31.12.2023	Vextir	Greiðslutegund	Eftirstöðvar 31.12.2023	Lokagjalddagi	Vísitölutenging	Hlutfall
RVKN 24 1	4.790.000	3,00%	Kúlubréf	4.782.627	11.5.2024	Óverðtryggt	3,9%
RVKN 35 1	22.600.000	6,72%	Jafnar afborganir	14.167.434	26.3.2035	Óverðtryggt	11,5%
RVKNG 40 1	9.130.000	4,50%	Jafnar afborganir	7.749.680	21.8.2040	Óverðtryggt	6,3%
Íslandsbanki - langtímalán	6.000.000	Breytilegir	Óreglulegt	5.940.000	1.11.2032	Óverðtryggt	4,8%
Landsbanki - langtímalán	4.000.000	Breytilegir	Jafnar afborganir	3.733.333	25.10.2037	Óverðtryggt	3,0%
RVK 32 1	31.773.000	2,50%	Jafngreiðslubréf	28.473.565	21.10.2032	Verðtryggt	23,2%
RVKG 48 1	14.545.000	2,39%	Jafngreiðslubréf	16.599.503	21.10.2048	Verðtryggt	13,5%
RVK 53 1	23.285.000	4,40%	Jafngreiðslubréf	39.325.315	10.12.2053	Verðtryggt	32,0%
Landsbanki - langtímalán	2.000.000	Breytilegir	Jafnar afborganir	2.020.491	25.10.2037	Verðtryggt	1,6%
Jöfnunarsjóður	180.000	2,00%	Jafnar afborganir	149.180	1.1.2037	Verðtryggt	0,1%
* Allar fjárhæðir í þús. króna				122.941.127			

Virkir vextir af langtímalánum eru vegnir vextir hversrar útgáfu af heildarútgáfu í sérhverjum skuldabréfaflokki. Virkir vextir óverðtryggðra lána stóðu í lok ársins í 6,47% og hafa hækkað nokkuð á árinu. Virkir vextir verðtryggðra lána hækkuðu líka á tímabilinu og stóðu í 2,98% í lok desember. Langtíma lán hjá Landsbanka og Íslandsbanka bera breytilega vexti en samtals hafa verið tekin lán að fjárhæð 12.000 m.kr. með breytilegum vöxtum.



2.4.1. Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er verðbólguáhætta. Skuldir borgarinnar eru að stórum hluta verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir en þær eru að megninu til í verðtryggðum markaðsskuldabréfum í verðbréfasafni í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu.

Lausafjáraáhætta er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs og tekur skuldastýring og ávöxtun handbærs fjár mið af því. Reykjavíkurborg hefur aðgang að yfirdráttarláni að fjárhæð 8 milljarðar í lok desember 2023 til að jafna sveiflur í sjóðstreymi innan mánaðar.

Vaxtaáhætta er til staðar þar sem búið er að taka lán með breytilegum vöxtum sem taka mið af markaðsvöxtum á hverjum tíma. Lán með breytilegum vöxtum eru um 9,5% af heildarlánum Reykjavíkurborgar. Hækkun markaðsvaxta hefur neikvæð áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar.

2.4.2. Aðgerðir fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta


Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur á síðustu árum unnið kerfisbundið að því að taka upp virka stýringu lána og lausafjár með tillögum um breytingar á fjárstýringarreglum, verklagi og heimildum fjármálastjóra innan þeirra marka sem sveitarstjórnarlög veita. Hér að neðan er listi yfir helstu aðgerðir í þessum efnum:

1. Fjármála- og áhættustýringarsvið fékk heimild borgarráðs í mars 2015 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVKN 35 1 sem er óverðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í mars 2035. Tilgangurinn með þessari aðgerð var að draga úr verðbólguáhættu og vægi verðtryggðra skulda hjá A-hluta, en einnig til að auka sveigjanleika í fjármögnun og stytta í meðallíftíma skulda þar sem mikill meirihluti skulda var með lokagjalddaga í desember 2053. Skuldabréf að nafnvirði 3.520 m.kr. voru gefin út í þessum skuldabréfaflokki á árinu 2023.
2. Fjármála- og áhættustýringarsvið fékk heimild borgarráðs í febrúar 2017 til að kaupa hlutdeildarskírteini í lausafjár sjóðum þar sem fjárfestingarstefna þeirra er í takti við fjárfestingarheimildir sem settar eru í reglum um fjárstýringu. Tilgangurinn var að auka sveigjanleika í daglegri lausafjárstýringu með auknum valmöguleikum og minni bindingu en í tilfelli bundinna innlána og peningamarkaðsinnlána án þess að gefa afslátt á ávöxtunarkröfu. Ekki hafa verið keypt hlutdeildarskírteini í lausafjár sjóðum á árinu 2023. Peningamarkaðsinnlán hjá viðskiptabönkunum voru nýtt við lausafjárávöxtun á tímabilinu.

3. Fjármála- og áhættustýringarsvið fékk heimild borgarráðs í nóvember 2017 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVK 32 1 sem er verðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í október 2032. Tilgangurinn með stofnun RVK 32 1 var að auka valmöguleika í lántöku og stytta meðallíftíma lána sem og að auka valmöguleika fjárfesta og mæta eftirspurn á markaði eftir meðallöngum skuldabréfum. Skuldabréf að nafnvirði 5.830 m.kr. voru gefin út í þessum skuldabréfaflokki á árinu 2023.
4. Reykjavíkurborg hefur gefið út græn skuldabréf frá því í desember 2018. Græn skuldabréfaútgáfa byggir á grænni skuldabréfaumgjörð. Uppfærslu á grænni umgjörð lauk á vormánuðum 2023. Reykjavíkurborg hefur frá árinu 2019 gefið út grænar áhrifaskýrslur um árangur af grænni fjárfestingu og fjármögnun þeirra. Skuldabréf að nafnvirði 4.985 m.kr. voru gefin út í RVKG 48 1 á árinu 2023.
5. Í desember 2020 gaf Reykjavíkurborg út nýjan óverðtryggðan grænan skuldabréfaflokk RVKNG 40 1 með lokagjalddaga í ágúst 2040. Tilgangur útgáfunnar er að auka valmöguleika í grænni fjármögnun og auka vægi óverðtryggðra skulda. Ekkert hefur verið gefið út í þessum skuldabréfaflokki á árinu 2023.
6. Í maí 2021 gaf Reykjavíkurborg út nýjan óverðtryggðan stuttan skuldabréfaflokk. Skuldabréfið er vaxtagreiðslubréf með lokagjalddaga 11. maí 2024 og tveimur vaxtagjalddögum á ári. Nafnvextir skuldabréfsins eru 3,0%. Tilgangurinn með þessari útgáfu var að bregðast við fjárþörf til skemmri tíma vegna viðbragða Reykjavíkurborgar við kórónufaraldrinum, auka vægi óverðtryggðrar fjármögnunar og ná til breiðari hóps fjárfesta. Skuldabréf að nafnvirði 4.790 m.kr. voru gefin út í þessum flokki á árinu 2021 og ekki gert ráð fyrir frekari útgáfu í þessum flokki.
7. Í október 2022 var samið um lánaramma við Landsbanka að fjárhæð 6.000 m.kr. Tekin voru langtímalán í þremur hlutum 2.000 m.kr. í hvert skipti í október, nóvember og desember. Verðtryggð lán eru 2.000 m.kr. og 4.000 m.kr. óverðtryggð. Öll lánin bera breytilega vexti.
8. Í febrúar 2023 var samið um lánaramma við Íslandsbanka að fjárhæð 6.000 m.kr. Tekin voru langtímalán í þremur hlutum á árinu 2023, í mars 3.000 m.kr., í júní 1.500 m.kr. og í ágúst 1.500. Lánin eru óverðtryggð og bera breytilega vexti.

2.5. Skattspor A-hluta

Skattsporið samanstendur af sköttum til ríkisins sem voru gjaldfærðir í rekstri A-hlutans og þeim sköttum og gjöldum sem innheimtir voru og staðin voru skil á vegna starfseminnar. Samtals námu skattar til ríkisins umfram endurgreiðslur 9.357 m.kr. og hækkuðu um 153 m.kr. samanborið við árið 2022.



Stærsti liðurinn var tryggingargjald af launum sem nam 5.841 m.kr. og hækkaði um 392 m.kr. milli ára.

Annar stærsti liður var innskattur sem ekki fæst endurgreiddur sem nam 6.327 m.kr. en hann var tilkominn vegna kaupa á vörum og þjónustu sem nýtt voru í óskattskyldum rekstri borgarinnar. Hann hækkaði um 428 m.kr. samanborið við síðasta ár.

Endurgreiddur virðisaukaskattur til opinberra aðila nam 2.239 m.kr. og hækkaði um 293 m.kr. milli ára. Þar var um að ræða endurgreiddan virðisaukaskatt sem sveitarfélög ofl. opinberir aðilar fá vegna kaupa af tilteknum aðföngum s.s. af sorphreinsun, ræstingu, sjómokstri, sérfræðiþjónustu og fleiri liðum í samræmi við reglugerð nr. 248/1990.

Endurgreiddur virðisaukaskattur af vinnu nam kr. 778 m.kr. og hækkaði um 462 m.kr. á milli ára. Þar er um að ræða endurgreiddan virðisaukaskatt af vinnu manna við húsnæði sem sveitarfélög eða stofnanir og félög sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, endurbætur eða viðhald á öðru húsnæði sem alfarið er í eigu þeirra, enda sé húsnæðið skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Endurgreiðsluákvæðið er skv. reglugerð nr. 690/2020 um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna.

Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samanþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio): Hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Arðsemi fjármagns (Return on Capital Employed (ROCE))

Mælt sem hlutfall EBIT af heildareignum. Sýnir arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

EBIT

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og skatta.

EBITDA

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og endurmat.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárhlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Eiginfjárhlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tapþol fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárhlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárhlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárhlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánadrottnum, þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárhlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárhlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárhlutfall A- og B-hluta.

FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádrögnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

FFO vaxtaþekja

FFO vaxtaþekja mælir getu Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við vaxtagreiðslur félagsins með handbæru fé þess. Hann er reiknaður með handbæru fé frá rekstri í sjóðstreymi að viðbættum vaxtagjöldum, deilt með vaxtagjöldum úr rekstrarreikningi.

FFO/nettó skuldir

FFO/nettó skuldir er mælikvarði sem einnig hefur verið skilgreindur af Moody's. En þar er hlutfall FFO vaxtaþekju fundið með heildar nettó skuldum. Nettó skuldir eru skilgreindar neðar.

Handbært fé í lok tímabils

Handbært fé í lok tímabils lýsir þeirri peningamyndun sem reksturinn skilar af sér á tímabilinu þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fjárfestingahreyfinga og fjármögnunarhreyfinga.

Hreinar skuldir og skuldbindingar

Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum og langtímakröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu A-hluta þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.

Hreinar vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum. Það eru langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

Jafnvægisviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

RFC/nettó skuldir

RFC er FFO að frádregnum arðgreiðslum. Mælikvarði er reiknaður eins og FFO/nettó skuldum nema leiðrétt fyrir greiddum arði félagsins.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lyklatríði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrækum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lágt hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið

Skuldaviðmið er reiknað sem hlutfall skulda og skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum, fyrirfram greiðslu til Brúar vegna framtíðarskuldbindinga og núvirtum framtíðar lífeyrisskuldbindingum eftir 15 ár á móti tekjum, í samræmi við reglugerð nr. 502/2012, með síðari breytingum.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í

fjármagnsfrækum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

Vaxtaþekja (Interest expence coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum, er oft notuð til að mæla getu fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrækum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Veltufjárhluftfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til A- og B-hluta.

Veltufjármunir (Current assets)

Veltufjármunir er sérstök flokkun eigna í ársreikningi. Um er að ræða eignir sem hægt er að breyta í reiðufé eða ráðstafa innan eins árs. Veltufjármunir eru sjóðir, bankainnistæður, birgðir og aðrar skammtímakröfur.

(m.kr.)	A-hluti	Aftvaki	Faxaflíðafahrir	Félagshústaðir	Malbikunar- stóðin hlöfði	Íþróta- og sýningahöllin	Jafnaunastofa sf.	Orkuveita Reykjavíkur	Sökkvilló höfuðsv.	Sorpa	Strætó	Þjófandráttvangur	A- og B-hluti
	75,56%	95,70%	5,639	100,00%	100,00%	50,00%	50,00%	93,539%	60,82%	58,30%	60,30%	50,00%	-
Eignarhlutur Ávk	-												
Rekstrarekjur	176.408	0	5.639	6.459			80	61.169	4.787	6.668	11.089	0	251.625
Rekstrargjöld	177.234	1	4.797	4.092			80	41.266	4.626	6.349	11.316	11	230.055
Afskriftir	8.776	0	974	17			1	15.797	134	454	277	0	26.017
Fjármagnsliðir	-4.143	0	274	-5.726			0	-13.124	47	-237	-147	0	-29.418
EBIT	-826	-1	842	2.367			1	19.904	161	319	-227	-11	21.570
EBITDA	7.950	-1	1.816	2.384			1	35.701	295	773	50	-11	47.587
Hagnaður (- tap)	-4.969	-1	1.537	1.383			0	6.400	208	91	-374	-11	-3.385
Fastafjármunir	245.258	2	14.260	157.450			2	444.850	2.278	8.393	2.278	0	855.987
Veltufjármunir	34.469	8	4.423	1.133			4	36.405	1.262	1.280	933	3	76.362
Heildareignir	279.727	10	18.683	158.583			7	481.290	3.593	9.673	3.211	3	932.349
Skammtímaskuldir	36.717	1	560	2.482			8	29.223	681	1.382	1.712	1	70.227
Langtímaskuldir	123.011	0	0	60.444			0	165.249	202	2.033	1.625	0	355.489
Skuldbindingar	38.745	0	0	87			0	23.897	0	483	239	0	69.545
Heildarskuldir	198.473	1	560	73.433			8	222.306	883	3.899	3.575	1	495.261
Eigið fé 1/1	82.610	10	18.232	83.767			-1	246.050	2.501	5.684	-10	13	424.728
Eigið fé 31/12	81.254	9	18.123	85.149			-1	258.984	2.710	5.775	-364	2	437.089
Kuldir og eigið fé	279.727	10	18.683	158.583			7	481.290	3.593	9.673	3.211	3	932.349
Veltufé frá rekstri	11.541	-1	2.088	1.063			1	27.465	360	637	248	-11	35.744
Handbært fé frá rekstri	9.710	0	1.994	1.205			-3	26.852	462	244	338	-12	33.783
Fjárfestingshreyfingar	-22.398	0	18	-3.640			0	-24.862	-262	-749	-408	0	-51.407
Ný langtímalán og stofnframlög	20.850	0	0	3.115			0	30.121	0	0	0	0	54.086
Greiddar afborganir	-6.876	0	0	-1.439			0	-24.730	-17	-233	-99	0	-33.227
Framlag v. lífeyrisskuldbindingar	-2.710	0	0	0			0	0	0	0	0	0	-2.752
Nýtt framlag eigenda	0	0	0	0			0	0	0	0	0	0	0
Greiddur arður	0	0	-1.646	0			0	-5.500	0	0	0	0	-355
Staða á handbæru fé 31/12	11.506	0	4.051	429			4	10.342	1.050	298	370	1	27.085

	Eignarhlutfall	29%	93%	97%	54%	85%	25%	-10%	54%	75%	-11%	62%	47%
	Árðsemi eigin fjár	-6,0%	8,3%	8,3%	5,4%	-1,9%	-18,9%	-37,0%	2,5%	8,3%	1,6%	-85,2%	1,7%
Veltufjárlutfall	0,94	7,90	0,0%	0,46	0,46	2,89	7,29	0,59	1,25	1,85	0,55	2,61	1,09
Langtímaskuldir/eigið fé	151,4%	0,0%	0,0%	71,0%	71,0%	3,0%	262,3%		7,4%	35,2%	0,0%	0,0%	81,3%
Vaxtaberandi skuldir/eigið fé bara OR									63,8%				
Vaxtabekja, EBIT/netto vextir				1,80	1,80								
Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)				0,86	0,86								
Uppgreiðslutími	11,77			58,34	58,34								10,83
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	6,5%		37,0%	16,5%	16,5%					7,5%	2,2%	0,00	14,2%

Skýringar

Eignarhlutfall Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tappöl).

Árðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki

Veltufjárlutfall Veltufjármunir á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis að inna af hendi skuldagreiðslur á næstu mánuðum.

Langtímaskuldir / eigið fé Langtímaskuldir á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldetningu fyrirtækis.

Vaxtabekja, EBIT/netto fjárm. Rekstrarmíðurstæða fyrir fjármagnsliði á móti vaxtabreiðslum

Vaxtabekja, EBITDA/netto fjárm. Rekstrarmíðurstæða fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti vaxtabreiðslum

Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.+netto fjárm.) Rekstrarmíðurstæða fyrir fjármagnsliði á móti afborgunum og vaxtabreiðslum

Uppgreiðslutími skulda (gr) Langtímaskuldir á móti veltufé frá rekstri.

Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og A-og B-hluta

Lánveitendur	(í m.kr.)	A-hluti	A- og B-hluti
ABSEK			1.090
Arion			4.124
CEB			6.329
Depfa ACS Bank			5.810
EIB			23.432
EURO HYPO			1.605
Kvika banki			2.475
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun			20.949
Íslandsbanki		5.940	13.931
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga		149	904
Landsbankinn		5.770	9.709
Lánasjóður sveitafélaga			12.768
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitafélaga			3.868
Munck Finance Iceland ehf.			75
NIB			21.083
Skuldabréfaútgáfa OR			106.854
Skuldabréfaútgáfa Félagsbústaða			25.976
Skuldabréfaútgáfa RVK 53 01		39.309	39.309
Skuldabréfaútgáfa RVKN 32 1		28.474	28.474
Skuldabréfaútgáfa RVKN 35 1		14.167	14.167
Skuldabréfaútgáfa RVKN 48 1 (Græn skbr.)		16.600	16.600
Skuldabréfaútgáfa RVKN 40 1 (Græn skbr.)		7.750	7.750
Skuldabréfaútgáfa RVKN 24 1		4.783	4.783
Stofnframlög frá ríki			6.457
Lántaka A- og B-hluta:		122.941	378.521
Leiguskuldir		12.908	13.106
Lántaka og leiguskuldir A- og B-hluta		135.849	391.627

Viðauki 3: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 21.689 m.kr. og tekjur sem komu á móti voru 13.467 m.kr. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 8.222 m.kr. eða 457 m.kr. innan fjárheimilda.

Málefni fatlaðs fólks janúar - desember 2023			
Tekjur:	í m.kr.	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		10.538	9.527
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		407	381
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		79	57
Útsvarstekjur 0,25% RVK		2.055	1.956
Þjónustutekjur		220	71
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		168	27
Tekjur alls		13.467	12.020
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		13.577	12.978
Húsaleiga		656	612
Annar rekstrarkostnaður		462	726
NPA þjónusta		1.630	1.596
Þjónustugjöld (samningar)		4.317	3.763
Stjórnunarkostnaður		53	58
Lengd viðvera ÍTR		211	220
Lengd viðvera SFS		783	747
Gjöld alls		21.689	20.700
Niðurstaða		-8.222	-8.680

Samanlagður kostnaður umfram tekjur vegna málefna fatlaðs fólks á árunum 2011-2023 nam alls 43.803 m.kr.¹⁰

Málefni fatlaðs fólks	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Tekjur	4.153	4.804	5.098	5.246	5.993	6.656	7.279	7.790	7.944	8.938	9.385	10.525	13.467
Gjöld	4.430	4.868	5.512	6.233	7.074	8.018	9.385	10.597	12.151	14.880	16.440	19.804	21.689
Gjöld umfram tekjur	-277	-64	-414	-987	-1.081	-1.362	-2.106	-2.807	-4.207	-5.942	-7.055	-9.279	-8.222
Hlutfall af tekjum	-7%	-1%	-8%	-19%	-18%	-20%	-29%	-36%	-53%	-66%	-75%	-88%	-61%
Uppsafnaður mismunur	-277	-341	-755	-1.742	-2.823	-4.185	-6.291	-9.098	-13.305	-19.247	-26.302	-35.581	-43.803

¹⁰ Fjárhæðir eru á verðlagi þess árs sem þær tilheyra.

Hjúkrunarheimili Útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur hafa verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Árið 2023 var rekstur hjúkrunarheimila neikvæður um 386 m.kr. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsöfnuð útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur á árunum 2008-2023.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Útgjöld umfram tekjur 2008-2023 (í m.kr. á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
2016	158	98	256
2017	185	86	270
2018	170	86	256
2019	187	120	306
2020	315	133	448
2021	208	129	337
2022	422	137	559
2023	280	106	386
Samtals	3.098	1.591	4.689

Tónlistarskólar Útgjöld voru um 1.474 m.kr. eða 3 m.kr. yfir fjárheimildum. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik sem Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 1.143 m.kr. og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu 331 m.kr.

Viðauki 4: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 1.328 m.kr. meira en áætlað var og greiðir 784 m.kr. meira en áætlað var inn í sjóðinn:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Hlutd. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	6.330	6.025	305	5,1%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	9.947	9.468	479	5,1%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	16.277	15.493	784	5,1%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	10.538	9.527	1.011	10,6%
Framlag vegna sérskóla	1.956	1.731	225	13,0%
Jöfnunarsj. v. samþættingar þjón. í þágu f. barna	404	404	0	0,0%
Framlag vegna tónlistarskóla	341	349	-8	-2,2%
Annað	144	110	34	30,4%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	13.383	12.121	1.262	10,4%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði - Eignfært í ES	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Aðgengimál vegna Strætó 2023	66	0	66	n/a
Samtals eignfærðar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	66	0	66	n/a
Heildargreiðslur frá Jöfnunarsjóði	13.449	12.121	1.328	11,0%

Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	-2.828	-3.372	544	-16,1%
---------------------------------------	---------------	---------------	------------	---------------

Viðauki 5: Lífeyrisskuldbindingar við LsRb og Brú lífeyrissjóð

Lífeyrisskuldbinding við Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb):

Um er að ræða lokaðan sjóð, þ.e. ekki er tekið við nýjum sjóðfélögum þangað inn. Lðgjöld eru enn að berast í hann en þau fara sífellt minnkandi þar sem sjóðfélögum sem enn eru starfandi fækkar og sjóðfélögum sem hafa hafið töku lífeyris fjölgar. Reykjavíkurborg og dótturfélög eru að fullu í ábyrgð fyrir þessum lífeyrisréttundum og ef eignir sjóðsins duga ekki fyrir réttindum sjóðfélaga þurfa framlög frá launagreiðendum að koma til. Meginhluti réttinda í lífeyrissjóðnum fylgir launabreytingum og eru þau núvirt miðað við 2% raunvexti, en að öðru leyti er núvirt miðað við 3,5% raunvexti. Mat á lífeyrisskuldbindingu A-hluta var unnin af tryggingastærðfræðingi LsRb.

Gjaldfærsla ársins nam 1,5 ma.kr. í A-hluta og 1,6 ma.kr í A- og B-hluta sem var í takt við áætlun. Greiðslur námu 2,7 í A-hluta en 2,8 A- og B-hluti. Skuldbinding í árslok nam 38,4 ma.kr. í A-hluta og 39,2 ma.kr. í A- og B-hluta.

Lífeyrisskuldbinding við Brú lífeyrissjóð:

Með breytingum á lögum er varðar lífeyrismál opinberra starfsmanna nr. 127/2016, var sú grundvallarbreyting gerð að tryggingafræðileg staða A-deildar naut ekki lengur óbeinnar bakábyrgðar launagreiðanda eins og áður hafði verið. Fór því fram uppgjör á áföllnum lífeyrisskuldbindingum þessa hóps við Brú lífeyrissjóð með eingreiðslu að hálfu launagreiðanda á árinu 2017. Þeir sem náð höfðu 60 ára aldri eða höfðu hafið töku lífeyris við gildistöku laganna í júní 2017 voru þó utan þessa uppgjors. Þar sem tryggingafræðileg staða A-deildar er nú utan vikmarka hefur Brú lífeyrissjóður hafið mánaðarlega innheimtu sem nemur 10% af lífeyrisgreiðslum þessa hóps sem fellur á launagreiðendur. Hófst þessi innheimta í janúar 2024 og mun vara næstu áratugi eða á meðan hópurinn fær greiddan lífeyri.

Lífeyrisskuldbinding vegna þessa hóps er því færð upp í fyrsta sinn í ársreikning Reykjavíkurborgar í ár og nemur gjaldfærsla vegna hennar 2,3 ma.kr. í A-hluta og 2,4 ma.kr. í A- og B-hluta, sem er einnig staða skuldbindingarinnar í árslok. Upplýsingar um þennan kostnað lágu ekki fyrir fyrr en undir árslok 2023 og því var ekki áætlað fyrir honum. Gert er ráð fyrir að greiðslur á árinu 2024 nemi um 180 m.kr. í A-hluta en 191 m.kr. í A- og B-hluta.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs:

Í efnahag undir *áhættufjármunir og langtímakröfur* er fyrirframgreiddur kostnaður (lífeyrisauka- og varúðarsjóður) sem er fyrirframgreiðsla til Brúar vegna uppgjors á áföllnum lífeyrisskuldbindingum sjóðfélaga sem voru yngrir en 60 ára og höfðu ekki hafið töku lífeyris árið 2017 þegar lagabreytingar urðu um lífeyrismál opinberra starfsmanna. Um var að ræða eingreiðslu að hálfu launagreiðanda á árinu 2017. Inneignin stendur í árslok í 8,1 ma.kr. í A-hluta og 8,5 ma.kr. í A- og B-hluta. Árleg gjaldfærsla nemur 385 m.kr. í A-hluta og 404 m.kr. í A- og B-hluta og mun haldast óbreytt milli ára. Gjaldfært hefur verið fyrir þessum lið frá árinu 2017 og er gjaldfærslan færð meðal launa og launatengdra gjalda í rekstarreikningi.